

Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Ársskýrsla vegna ársins 2016

Eins og undanfarin ár hefur safnið verið opið einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum, frá 20 – 22. Á sömu kvöldum hefur Kvenfélag Skeiðahrepps verið með þrjónakvöld. Þetta hefur reynst mjög vel, ferðir eru samnýttar (reyndar einnig með sundlauginni) og fólk er ánægt með þetta starf, sem að sjálfstöðu er öllum opið. Vegna þessa er safnið gjarnan opið jafnvel til miðnættis. Skeiða- og Gnúpverjahreppur ber engan aukakostnað af þessu þar sem bókasafnsvörður vinnur þessa umframtíma í sjálfboðavinnu.

Félag eldri borgara er með fasta fundi, annan hvern föstudag yfir vetrartímann. Einnig hafa jóгатímar verið á þeirra vegum, auk stjórnar- og nefndafunda. Þetta samstarf hefur gengið mjög vel og sjá þau að öllu leyti um sig sjálf, utan þess sem bókasafnsvörður hefur tekið að sér að taka úr uppvottavél fyrir þau.

Ýmsir hafa fengið aðstöðu í safninu, má þá helst nefna sóknarnefnd, kvenfélag, Lionsklúbbinn og kirkjukórinn. Skeiða- og Gnúpverjahreppur ber engan aukakostnað af þessu þar sem bókasafnsvörður vinnur allt í kringum þetta í sjálfboðavinnu.

Árið 2015 voru skráð 680 útlán

Árið 2016 voru skráð 628 útlán.